

Framtíðarsýn í húsnæðismálum GRV -mat og greining

mnr. 201810073

Inngangur

Á 309. fundi fræðsluráðs þann 18. október 2018 lögðu fulltrúar D listans fram tillögu um að stofnaður verði starfshópur sem skoðar kosti þess að byggja við Hamarsskóla þannig að þar rúmist starfsemi Tónlistarskólans, frístundavers og að þar verði matar- og hátíðarsalur fyrir starfsemi skólanna. Markmið hópsins átti að vera m.a. að koma með lausnir fyrir skólana og frístundaver með það að leiðarljósi að koma á rekstrarhagræðingu, bæta aðstoðu Hamarsskóla, auka aðgengi að tónlistarnámi og koma í veg fyrir fækkun barna í tónlistarnámi, stytta vinnudag barnanna og ýta þannig undir samverustundir fjölskyldunnar og almennt gera fræðsluumhverfið aðgengilegra fyrir börn. Tekið var vel í tillöguna en málinu frestað til næsta fundar.

Málið kom aftur upp á 1539. fundi Bæjarstjórnar þar sem þessi liður í fundargerð 309. fundar fræðsluráðs var samþykktur.

Fræðsluráð ræddi aftur um umrætt mál á 310. fundi

Á þeim fundi var tillaga D listans hafnað og eftirfarandi breytingartillaga lögð fram af hálfu E og H lista;

„Felur ráðið framkvæmdarstjóra sviðsins að meta stöðuna eins og hún er í dag og fari í framhaldi af því í þarfagreiningu m.t.t. starfsemi næstu ára. Markmiðið er að meta kosti þess að koma allri starfsemi grunnskóla, tónlistarskóla og lengdrar viðveru undir sama þak. Framkvæmdastjóri sviðsins vinnur matið og greininguna í samstarfi tilheyrandi aðila. Lagt er til að niðurstöðunum verði skilað til fræðsluráðs og liggi fyrir eigi síðar en 1. febrúar 2019.“

Var tillagan samþykkt með 5 atkvæðum.

Verkefnið

Framkvæmdastjóri fjölskyldu- og fræðslusviðs átti tvo sameiginlega fundi með skólastjóra GRV, aðstoðarskólastjóra HSK, skólastjóra Tónlistarskólans, aðstoðarskólastjóra Víkurinnar, forstöðumanni Frístundavers og fræðslufulltrúa. Að auki fékk hann skriflegt mat á stöðunni frá skólastjóra GRV og aðstoðarskólastjóra HSK, frá skólastjóra Tónlistarskólans og forstöðumanni Frístundavers.

Gengið er út frá því að svara og mæta eftirfarandi atriðum:

- Meta stöðuna eins og hún er í dag
- Þarfagreining á starfsemi næstu ára
- Meta kosti þess að koma allri starfsemi grunnskóla, leikskóla, tónlistarskóla og lengdrar viðveru undir sama þak
- Skila niðurstöðum til fræðsluráðs eigi síðar en 1. febrúar 2019

Mat og greining

Hamarsskóli/Víkin (GRV)

Í Hamarsskóla eru nemendur GRV frá 1. – 4. bekk. Alls eru þrjú bekkir í hverjum árgangi, samtals 12 bekkir og nemendur samtals 208. Í skólanum eru alls 16 kennslustofur, 7 stuðningsherbergi og 4 sérgreinastofur (myndmennt, handmennt, smíði og heimilisfræði). Af þessum 16 kennslustofum eru tvær notaðar sem annars vegar tölvustofa og hin sem námsver fyrir stuðningskennslu. Salur er í húsnæðinu sem er opnanlegt rými á stærð við kennslustofu. Matsalur er á neðri hæð í opnu rými. Víkin (5. ára deild) með um 60 nemendur er í suðurhluta skólans og nýtir hún 4 kennslustofur (sem eru til viðbótar við þær sem áður eru nefndar).

Aðstaðan í Hamarsskóla fyrir núverandi starfsemi grunnskólans er nokkuð góð. Það sem þó vantar er betri matsalur og samkomusalur/hátíðarsalur. Núvarandi matsalurinn er í rými sem hentar illa. Hann er lítil, lágt til lofts og mikil hljóðmengun á sér stað. Eldhúsið er lítið og vinnuaðstaðan eftir því. Núverandi samkomusalur er lítil og erfitt að halda sýningar, foreldrafundi eða aðra samkomu ef fjöldinn fer yfir 100. Almenn vantar GRV stærri sal til að getað verið með stóra fundi með nemendum, starfsfólki og/eða foreldrum. GRV þarf í tilfellum eins og við útskrift nemenda og stóra starfsmannafundi að leiga sal út í bæ.

Miðað við þá framtíðarsýn sem liggur fyrir má búast við að stærð á komandi árgöngum verði um 45 – 55 börn með smá sveiflum til eða frá. Kennslurými fyrir grunnskólann og Víkina er því nægt. Straumar og stefnur í kennslu tekur breytingum sem erfitt er að sjá fyrir. Hugsanlega verða meiri kröfur um meiri sveigjanleika í náminu og að rými verði fleiri og opnari með tilliti til meiri samkennslu og teymiskennslu.

Það er mat stjórnenda GRV að stækkun Hamarsskóla og að flytja stofnanir eins og Frístundavers og Tónlistarskólans innan veggja skólans hafi í för með sér mikla kosti. Stjórnendur setja kostina upp í þrjú hluta; upplýsingaflæði, samstarf og stærðarhagræðingu.

Upplýsingaflæði:

- Allar boðleiðir stytta.
- Foreldrar þurfa ekki að sækja og skutla þeim börnum sem eru á frístund eða í tónlistarnámi.
- Í sömu byggingu er allt að þrjár stofnanir sem barnið tengist.
- Upplýsingaflæði milli Frístundavers og skólans stytta.
- Nú þegar hefur upplýsingaflæði milli Víkurinnar og skólans batnað. Betri upplýsingar með börnum frá leikskólastigi til grunnskólastigs.

Samstarf:

- Samstarf er alltaf best þegar viðvera stofnanna er á sama stað.
- Samstarf 5. ára deildar og skólans hefur styrkst til muna við að fá deildina innan veggja Hamarsskóla.
- Tónlistarskólinn og tónlistarkennsla mun styrkjast til muna við að koma innan veggja Hamarsskóla. Samþætting tónlistar við námsefni mun eflast.
- Hægt að nýta tónlistarkennara betur, þeir eru í sama húsi. Getu nýst í ýmiskonar þemavinnu, leikrit, tónlistaratriði o.fl.
- Tónlistarkennarar verða meiri partur af starfsfólki skólans.

Stærðarhagræðing:

- Einn húsvörður á sama stað.
- Betri nýting á þrifum.
- Betri nýting á skólastofum, samnýting á til dæmis matsal og hátíðarsal.
- Ódýrara viðhald
- Samnýting á efni og starfsmönnum.

Frístundaverið - lengd viðvera

Starfsemi Frístundavers er í Þórsheimilinu. Um 60 börn, til eða frá nýta sér starfsemi frístundar. Flest eru þau á haustönn en fækkar nokkuð á vorönn. Starfsemi Frístundaversins hefur aukist með tilkomu sumarfrístundar þannig að starfsemin lengdrar viðveru og sumarfrístund er nú allt árið þó með stuttu sumarfríi.

Húsnæðisaðstaða frístundar er í lagi að mati forstöðumanns. Stærð húsnæðisins er mikil og rými hólfuð niður í mörg smærri rými sem er kostur. Stór íþróttasalur í kjallara er kostur og er hann nýttur til hreyfinga og alls konar leikja og skemmtunar. Ókosturinn við líkamsræktarsalinn er aðgengið að honum en hreyfihamlaðir geta ekki nýtt hann. Útisvæðið er stórt og notað til ýmissa leikja.

Ókostirnir að mati forstöðumanns eru aðallega tveir. Annars vegar að húsnæðið er ekki hannað með starfsemi frístundar í huga og hins vegar að börnin þurfi að fara á milli húsa til að komast í frístund. Húsnæðið er komið til ára sinna og þarf á verulegum endurbótum auk þess sem það vantar fleiri leiktæki á útilóð fyrir starfsemina.

Einn ókost enn má nefna með núverandi aðstöðu er að hún rekst á við aðra starfsemi yfir sumarmánuðina s.s. tjaldsvæðið og sumarmót auk þess sem þau deila íþróttasalnum með Karatafélag Vestmannaeyja en þó ekki á starfstíma frístundar.

Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla er gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Meginhlutverk frístundaheimila fyrir 6 - 9 ára börn er að bjóða þeim innihaldsríkt frístunda- og tómstundastarf í barnvænu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir einkennast af frjálsum leik og vali. Mikilvægt er því að staðarval og húsakostur taki miða af þessu.

Kostir við að færa starfsemi frístundar í Hamarsskóla eru eftirfarandi;

- Býður upp á enn frekari samstarf við GRV en nú er t.d. varðandi stuðning við börn
- Hægt að nýta fleri og sértækari rými og dreifa starfseminni t.d. með nýtingu á sérgreinastofum
- Betra útisvæði
- Þarf ekki að ferðast á milli byggina nema á æfingar
- Hagkvæmari rekstur á húsnæði undir sama þaki t.d. varðandi símsvörun, þrif, húsvörslu o.fl.
- Ekki þörf að færa til starfsemina eftir tímabilum eða eðli starfseminnar
- Samstarf við tónlistarskólann í sömu byggingu getur nýst til hagnaðar fyrir báða aðila
- Hátíðarsalur getur nýst vel til starfseminnar

Tónlistarskólinn

Um 120 nemendur stunda nám við Tónlistarskóla Vestmannaeyja og lang flestir nemendur á grunnskólaaldri. Núverandi húsnæði skólans er í húsnæði sem ekki er sérstaklega hannað til tónlistarnáms. Gömlu skólahúsnæði hefur verið breytt á þann hátt að skólastofur eru hljóðeinangraðar til að hljóð berist ekki út.

Hluti kennslustofa er í góðu lagi en þó gamlar. Skólinn er á þremur hæðum og kennsla fer fram að mestu á efstu hæðinni. Engin lyfta er í húsinu og aðgengismál því á engan hátt ásættanlegt. Hefur það hamlandi áhrif á möguleika sumra einstaklinga að stunda tónlistarnám. Húsnæðið í heild sinni komið til ára sinna og farið að þarfnast verulegra úrbóta innandyra s.s. veggir, salerni og salur.

Núverandi tónlistarsalur hefur slæma hljóðvist og alls ekki góður sem tónleikasalur. Salurinn er einnig nýttur til kennslu og fyrir lúðrasveit skólans og Lúðrasveit Vestmannaeyja.

Örar tæknibreytingar og breyttar áherslur í tónlistarfræðslu kalla á ýmsar nýjungar í tónlistarkennslu. Tónlistarskólar hafa verið í auknum mæli að bjóða upp á tónlistarkennslu sem innifelur notkun á nýjustu tækni til tónsmíða og upptöku. Einnig hefur samstarf leik-, grunn- og tónlistarskóla aukist til muna með aukinni tónlistarkennslu og ýmsum viðburðum.

Skólastjóri tónlistarskólans sér töluverða kosti í flutningi tónlistarskólans í húsnæði Hamarsskóla;

- Húsnæði nýtt og endurhannað með tilliti til tónlistarkennslu og bætir aðstöðu nemenda og starfsmanna
- Hagræði í rekstri á einu húsnæði s.s. með einum húsverði, símvörslu, þrif o.fl.
- Hægt að sinna tónlistarkennslu á tíma grunnskólans eða í beinu framhaldi af skóla og skapa samfellu í skólastarfi
- Tenging skólastiga leik-, grunn- og tónlistarskóla auk lengdrar viðveru mun auka vægi list- og verkgreina og vafalítið nýtast vel í listsköpun nemenda
- Aukið samstarf skólastiga getur viðhaldið og tryggt stöðu tónlistarkennara

Lokaorð

Húsnæðiskostur Hamarsskóla, Víkurinnar, Tónlistarskólans og Frístundaversins er almennt í góðu lagi. Rými fyrir starfsemina er næg en gæðin misgóð. Í Tónlistarskólanum eru aðgengismálin ekki í lagi, þörf á betri tónlistarsal og þörf á miklu viðhaldi. Í Frístundaveri er þörf á töluverðu viðhaldi. Í Hamarsskóla er nauðsyn á betri matsal og fyrir GRV í heild er þörf á stórum hátíðarsal.

Það er ótvíræður kostur að hafa alla starfsemi þessara stofnana undir sama þaki og eru forstöðumenn allir sammála því. Nálægðin auðveldar samtalið og eflir samstarfið. Mun slík sameining ótvírætt leiða til jákvæðrar skólaþróunar og auka þjónustu við börn og foreldra.

Í dag er gott samstarf á milli þessara aðila. Kennarar Tónlistarskólans kenna tónlist í GRV og samskipti Frístundavers og GRV er nánast daglega varðandi nemendur. Rými Hamarsskóla bjóða vel upp á að koma nú þegar upp tónlistarstofum til að kenna tónlist á vegum Tónlistarskólann í Hamarsskólanum.

Sameining stofnan og stækkun á Hamarsskóla er dýr aðgerð og mikilvægt að áður en ákvörðun um slíka framkvæmd er tekin fari fram vandaður undirbúningur og kostnaðargreining. Aðstöðuna þarf að hanna með tilliti til starfseminnar og tilgangs.

Ef ekki er tekin ákvörðun um slíka sameiningu og stækkun þarf að huga að breytingum og lagfæringum á húsnæði Tónlistarskólans og Frístundavers auk þess að finna leiðir til að bæta matsal í Hamarsskóla og hátíðarsal fyrir GRV.

dags. 31. janúar 2019

**Jón Pétursson framkvæmdastjóri
fjölskyldu- og fræðsluviðs**

Teikning af Hamarsskóla unnin af Arkinn ehf í apríl 2002 skv. samningi um höfundarétt við Guðmund Þór Pálsson arkitekt fai.

